

Nd.

744. Nefndarálit

[270. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta og frv. til jarðalaga eru tengd hvort öðru og má líta á þau sem eina heild. Þau fela m. a. í sér strangari ákvæði en nú gilda um jarðasölu, og er það til bóta, enda ærin ástæða til að spyrna fótum við hraðvaxandi jarðabraski í landinu.

Frv. var fyrst flutt haustið 1973, en hlaut ekki afgreiðslu á því þingi, enda mikið um þau mál deilt. Síðan hafa verið gerðar á þeim ýmsar breytingar til bóta. Hefur hlutur leiguliða nokkuð verið bættur í frv. til ábúðarlaga, og var tími til kominn.

Alþýðuflokkurinn hefur undanfarin ár barist fyrir þjóðareign landsins, þó með þeirri veigamiklu undantekningu, að bændur skuli eiga bújarðir sínar.

Margt hefur stuðlað að því, að eignarráð landsins og marvislegra auðlinda þess eru mjög í brennidepli. Enga eign á íslenska þjóðin mikilvægari og verðmeiri en landið — nema það væru fiskimiðin og landgrunnið. Skiptir þjóðina miklu, að vel takist um hagnýtingu landsins, það verði ekki fáum útvöldum að féþúfu heldur nýtist fyrir þjóðarheildina. Þúsundir þéttbýlisins verða að fá rúman aðgang að náttúrunni, og tryggja verður vandlega náttúruvernd.

Enda þótt allar framleiðslugreinar byggist á auðæfum landsins beint eða óbeint, hefur engin þeirra svo nán tengsl við það sem landbúnaðurinn. Ber því að móta stefnu þjóðarinnar í öllum málefnum varðandi landið við að tryggja stöðu landbúnaðarins og bæta í hvívetna hag bændastéttarinnar. Enda þótt jafnaðarstefnan geri ráð fyrir þjóðareign alls lands, hefur Alþýðuflokkurinn á seinni árum undanþegið bújarðir bænda og vill að þeir eigi jarðirnar sjálfir eða leigi þær með erfðafestu fyrir vægt gjald af ríki eða sveitarfélögum eftir því, hvorn kostinn þeir sjálfir velja. Helst ætti „landsdrottinn“ — aðalpersóna ábúðarlaga fyrr og síðar — aðeins að vera einn: þjóðin sjálf. Orðið „leiguliði“ ætti að hverfa, þar sem eignaraðild jarðanna ætti ekki að skipta því höfuðmáli, að bændur séu við það kenndir.

Með tilliti til heildarstefnu Alþýðuflokksins um þjóðareign landsins flytur minni hl. n. eftirfarandi tillögu um

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Neðri deild samþykkir að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún láti semja nýtt frv., er byggist á eftirfarandi meginatriðum:

- 1) Landeigendur, sem ekki búa sjálfir á jörðum sínum, skuli ekki leigja þær, heldur selja, ef hæfir kaupendur fást, sem vilja búa á þeim og nýta þær. Finnist slíkir kaupendur ekki, skulu sveitarfélög eða ríki kaupa jarðirnar.
- 2) Sveitarfélög eða ríki skuli leigja lönd sín hæfum umsækjendum, sem síðar skuli eiga kost á að kaupa jarðirnar, en megi þó ekki endurselja öðrum en nýjum ábúendum, ella endurkaupi sveitarfélög eða ríki þær.
- 3) Gerðar verði nauðsynlegar fjárhagslegar ráðstafanir til þess, að sveitarfélög og ríki geti tekist á hendur viðtæk jarðakaup.
- 4) Hugtök og orð eins og „landsdrottinn“ og „leiguliði“ verði ekki notuð í íslenskri löggjöf í framtíðinni.

Alþingi, 11. maí 1976.

Benedikt Gröndal.